

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði.

Amtsráðið í Norðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1893.

1. gr.

Þegar almennt er hætt að hýsa fje á vorum, hefur hreppsnefndin vald til, svo fje manna sleppi ekki í ullu til afrjetta, að skipa vörð fyrir framan byggðir á hentugum stöðum fram að rúningstíma á geldfje, og skal vörður sá haldinn á kostnað þeirra fjáreigenda í hreppnum, sem not hafa varðarins. Kostnaður við slíka verði á vorum skal metinn, niðurjafnaður og innheimtur af hreppsnefndinni innan þriggja vikna frá því verðinum er lokið. Þar sem svo hagar til, að 2 hreppar geta notað sama vörð, skulu báðar hreppsnefndirnar hafa á hendi áðurtalin skylduverk, sem leiða af verðinum. Vilji önnur hreppsnefndin ekki taka tiltölulegan þátt í varðkostnaðinum, hefur sú hreppsnefndin, sem sett hefur vörðinn, vald til að selja eigendum allt það fje, er fyrir kemur í nánd við varðstöðvarnar þegar smalað er til rúnings; sömuleiðis þeim mönnum innanhrepps, sem neitað hafa að taka þátt í verðinum; þó má gjald þetta aldrei yfirstíga 50 aura fyrir hverja kind.

Samskonar verði hafa hreppsnefndirnar vald til að fyrirskipa á haustin eptir seinni rjettir, þangað til fje er almennt tekið til hýsingar, og fer um kostnað við verði þá á sama hátt, og tekið er fram um vorverðina.

2. gr.

Hreppsnefndin í hverri sveit skal annast um, að regluleg og almenn smölun fari fram á sama tíma á sauðfje til rúnings að vorinu, og að þá gangi rekstrar reglulega bæja á milli sbr. 13. gr.

3. gr.

Hreppsnefndinni ber að sjá um, að öll stóðhross sjeu rekin á afrjett svo snemma að vorinu, sem fært þykir veðráttu og færðar vegna, sömuleiðis allt geldfje, þegar það er komið úr ull, einnig fráfernálömb að liðnum fráfernum, sem þó áður sjeu setin í heimahögum í hið minnsta 3. sólarhringa. Má ekki skemmra reka en í miðjan afrjett eða sem næst því, eptir því sem kringumstæður, veðráttu og hagar leyfa. Þar sem svo hagar til, að víðlend heimalönd eru notuð í stað afrjetta, skal reka á þær stöðvar, er búfje manna sist gengur á. Enginn má hafa ótamin stóðhross í heimalöndum, nema hann fái leyfi til þess hjá hreppsnefndinni, en fullnaðarúrslit þess máls heyrir undir sýslunefnd, eða sýslunefndaroddvita til bráðabirgða.

Nú reka eigendur ekki stóðhross sín til afrjetta í tækan tíma, eptir ákvæðum hreppsnefndar; hefur hún þá vald til að kaupa menn til að reka þau til afrjetta á kostnað eigenda þeirra, er í sama afrjettarfjelagi eru; en komi

stóðhross fyrir úr öðru afrjettarfelagi, má eptir atvikum annaðhvort reka þau til afrjetta á kostnað sveitarsjóðs eða sveitasjóða upprekstrarfélagsins, eða þá taka þau í gæslu, og gjöra eigendum aðvart að útleysa þau.

4. gr.

Hreppsnefndin skal annast um, að stóðhross þau og sauðfje, sem renna kann af afrjettum á sumrum fram til sauðfjarrjetta í búfjárhaga sveitarbænda sje af þeim, er fyrir áganginum verða, smalað og rekið til afrjetta, og mega þeir kveðja til þess nágranna sína, ef þörf krefur, eptir álitu hreppsnefndaroddivita. Heimilt er hverri hreppsnefnd að veita hæfilega þóknun fyrir rekstra þessa af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins, ef henni virðist ástæða til þess.

5. gr.

Skyldir eru allir búendur eða búlausir, sem eiga eða undir höndum hafa 12 sauðkindur og þar yfir, að leggja til fjallgangna duglegan mann þangað, og á þann hátt, sem hreppsnefndin ákveður, annaðhvort hver út af fyrir sig eða í samlögum, eptir því sem ástæður afrjettarfélagsins útheimta. Svo skulu þeir og gjöra aukaverk þau, sem nauðsyn ber til, svo sem fjárdrátt í öðrum rjettum, heimalandsgöngur og störf við rjettina, að því leyti sem nefndin skipar þau ekki þeim, sem eru svo fjárfáir eða bágstaddir, að hún finni ástæðu til að hlífa þeim við heiðargöngum. Vanræki fjáreigendur hjer að lúandi fyrirskipanir nefndarinnar án óumflýjanlegra forfalla, ber hreppsnefndinni að kæra þá til skaðabóta og sekta eptir málavöxtum.

6. gr.

Þar sem 2. hreppar reka á sömu afrjetti eða fjall-lendi, ber hlutadeigandi hreppsnefndum að koma sjer saman um, áður en 16 vikur eru af sumri, hvernig göngum skuli haga. Hve marga menn skal leggja til gangnanna úr hverjum hrepp fer eptir fjártölu hreppanna. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, þá skal sýslunefndin skera úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða. (Framh.).

Útdráttur úr 3 brjefum ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veitt einkarjettindi. — Með brjefum þessum tilkynnti ráðaneytið, að hans hátign konungurinn hefði hinn 5. f. m. allramildilegast veitt þeim stórkaupmanni Th. Amlie og ingenjör E. O. Johansen, báðum frá Christianíu, einkaleyfi gegn venjulegu gjaldi, 34 kr. fyrir hvert leyfisbrjef, er greitt hefur verið í landssjóð, 1. til þess um 5 ára tímabil að nota og láta nota á Íslandi aðferð, er þeir hafa fundið til þess að sjóða hval og bræða lýsi, og 2. til þess um 5 ára tímabil að búa til og láta búa til á Íslandi vjel, er þeir hafa gjört til þess að þvo hvalskiði o. fl. og loks að járnsmiðsmeistara Niels Jørgensen frá Kaupmannahöfn hafi sama dag verið veitt viðbót við einkaleyfi er hann hafði fengið 25. marz þ. á. til þess um 5 ára tímabil að búa til og láta búa til hvervetna í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og nýlendunum, veidarfæri, er hann hefur fundið upp, og er viðbótin í því fólgin, að einkaleyfið nái einnig til Íslands.

Reglugjörð

84

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði.
(Framh.).

7. gr.

Hreppsnefndin hefur vald til, þar sem betur þykir við eiga, að kalla svo marga menn til fjallskilanna frá þeim mönnum, sem fjallskilaskyldir eru samkvæmt 5. gr., að fullkomin trygging fyrir góðum fjárheimtum fáið með einum göngum, ef veður ekki bannar, og ber henni, eptir því sem hverju upprekstrarfjelagi hæfir, að jafna mannatölunni niður á alla fjallskilaskylda menn í sveitinni eptir 5. og 6. gr. með hliðsjón af fjártölu hvers eins. Að afloknum fyrstu fjárleitum, skal nefndin ætíð fyrirskipa fjall-leitir af nokkrum mönnum í samlögum, eða fullkomnar seinni göngur, ef þess þykir þörf.

8. gr.

Fjallskilaskyldur er hver bóndi og búlaus á því svæði eða lögafrjett, þar sem honum ber upprekstur samkvæmt reglugjörð um notkun afrjetta, og það þótt hann noti aðra afrjetti eða víðlend heimalönd til uppreksturs.

9. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gefa út gangnaseðil á hverju hausti, er hún kallar með sjerhvern, sem er fjallskilaskyldur eptir þessari reglugjörð, til að gjöra öll nauðsynleg skil. Má ekkert skipa í honum, sem komið getur í bága við tryggjandi fjallskil og ákvörðuð rjettarhöld í öðrum sveitum innan sýslu eða utan. Sömuleiðis skal nefndin skipa duglega gangastjóra, einn eða fleiri, til að segja fyrir fjallgöngum, og gefa honum eða þeim tilhlýðileg erindisbrjef, eptir því sem hverju upprekstrarfjelagi hæfir.

10. gr.

Nú hafa búendur ráð á fleiri mönnum, og hefur þá hreppsnefndin vald til að kalla til fjallgangna þann, sem hæfastur er, og til hvers annars starfa, sem útheimtist til góðra fjallskila. Hafi einhver ekki til þann mann, er hæfilegur sje til gangna, skal hann útvega sjer hann hjá öðrum, er hefur mann aflögum. Ef einhver sendir óduglegan mann til gangna, er hann skyldur að borga þær, eins og hann hefði engan mann látið, eptir því sem þær verða metnar af hreppsnefndinni, þar að auki varðar það sektum. Borgun fyrir gangnasvik og önnur vanskil má verja til þess að kaupa menn til gangna, ef þess er kostur, en annars fellur hún til hlutaðeigandi sveitarsjóða.

11. gr.

Ef einhver fjáreigandi, sem á að leggja mann til gangna, hvorki hefur hann sjálfur, nje getur útvegað sjer til þess hæfan mann, skal að minnsta kosti 4 dögum áður, en farið er í göngur, segja oddvita hreppsnefndarinnar frá því; skal hann þá og hreppsnefndin annast um að útvega honum mann í göngurnar fyrir svo sanngjarna borgun, sem kostur er á. Á sama hátt skal nefndin útvega hesta og fæði, ef það vantar. Geti hreppsnefndin ekki útvegað það, sem brestur, skal hann borga göngurnar samkv. 10. gr. sektalaust.

12. dag júlímán. 1892.

12. gr.

Hreppsnefndin skal hver í sínum hreppi stranglega fyrirskipa, að reglulegar heimalandsgöngur trúlega framfari undir umsjón tiltekins manns, með samtökum fleiri búanda saman, eptir því sem best hentar á hverjum stað og samkomulagi við næstu sveitir, þar sem það á við, dagana bæði fyrir fyrri og síðari rjettir. Allt það geldfje, sem fyrir kemur, rekist skilvíslega í tæka tíð til hvernarr rjettar, sem því ber til að ganga. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda um, til hvernarr rjettar fje skuli ganga, sem kemur fyrir í heimalöndum, eða af hve stóru svæði af afrjettarlöndum beri til hvernarr rjettar að ganga, skal sýslunefndin skera úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða. Allur heimrekstur á heimalandsfje á einstaka bæi til sundurdráttar skal stranglega bannaður; þó má hreppsnefndin eptir atvikum veita undanþágu frá þessu. Sömuleiðis skal hún fyrirskipa á haustin eptir rjettir, smölun sauðfjár á sama degi í hverri viku í allri sveitinni, og gangi þá rekstrar reglulega bæja á milli. Verði nokkur uppvis að vanrækt á heimalandsgöngum eða fyrirskipaðri smölu, skal hreppsnefndin kæra hann til sekta.

13. gr.

Sje sleppt fjárrekstrum, sem eiga að ganga bæ frá bæ, eða þeir komi ekki til skila í tæka tíð, sömuleiðis ef fje er selt við fjárrjettir, eða á rekstri bæja á milli frekar en minnst verður hjá komizt, þá kærast slíkt til sekta.

14. gr.

Hreppsnefndirnar skulu sjá um, að allar lögrjettir og nauðsynlegar aukarjettir sjeu vandlega uppbyggðar þegar nauðsyn ber til þess, og þeim forsvaranlega viðhaldið.

15. gr.

Öllum er stranglega bannað að brúka ofdrykkju í sauðfjárrjettum, sem veldur töfum, óreglu, ófriði og misdrætti á fje, og mega þeir, sem gjöra sig seka í henni, ekki líðast inni í rjettinni, og skal hreppsnefndin vísa þeim burtu þaðan. En sýni þeir óhlýðni og mótþróa eða á annan hátt trufla aðgjörðir nefndarinnar við rjettarstörfín, þá kærast það til sekta.

16. gr.

Hreppsnefndin skal annaðhvort í gangnaseðlinum, eða í seinasta lagi rjettardagsmorguninn útnefna 1 eða fleiri menn til umsjónar í hverju dilksfjelagi, til að gæta þess, að allir sem draga í þann dilk, ræki trúlega skyldur sínar í sjerhverju tilliti við rjettarstörfín.

17. gr.

Umsjónarmaður í hverjum fjárdilk og þeir sem þar í draga gæti vandlega að því, áður en út er hleypt, hvort þar sje engin misdregin kind. Komi samt fyrir misdregið fje, þegar dilksfjelagar gjöra aðskilnað á fje sínu, skulu þeir sameiginlega skyldir að koma því tafarlaust til þess manns, sem vaktar úrtíning, eða eiganda, sje hann nær.

18. gr.

Engum leyfist að afmarka fje í sauðfjárrjettum nema í nærveru 2.

hreppsnefndarmanna eða annara tveggja manna, sem hreppsnefndin eða oddviti hennar útnefnir.

19. gr.

Hreppsnefndin eða hreppsnefndirnar, þar sem 2 eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, skulu hlutast til um, að ómerkingar sjeu í hverri rjett hirtir í einn rjettardilk út af fyrir sig, jafnóðum og þeir finnast, og skal fjáreigendum gefinn kostur á, að láta lambsmæður helga sjer lömb sín. Að afloknum rjettarstörfum skal hreppsstjóri selja þá ómerkinga, sem eptir verða, við opinbert uppboð. Andvirði hinna seldu ómerkinga að frádregnum kostnaði fellur til sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, ef fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, að tiltölu rjetttri eptir fjártölu í hreppnum.

20. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstöfun fyrir að sendir sjeu 1 eða fleiri menn eptir þörfum í rjettir annara sveita, og síðar á hreppaskil nærsveita, til að hirða fje hreppsmanna sinna, sem þar kann fyrir að koma, eða sjá um að það sje hirt á annan hátt, og mega þeir ekki fara þaðan, fyr en búíð er að grannskoða úrtíning eptir markaskrá; gildir þessi regla eins um fyrri sem seinni rjett.

21. gr.

Hreppsnefndin, eða hreppsnefndir, þar sem 2 hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, skal þegar í fyrri rjett láta grannskoða allan úrtíning eptir markaskrá bæði í lögrjettum og aukarjettum, og ber sjerhverjum búanda að gæta þess, að fje hans sje ekki eptir í úrtíningi. En eptir að búíð er að skoða hann og draga til hlýtar, skal setja þær óskilakindur, sem eptir verða, í vöktun milli rjettanna á kostnað upprekstrarfjelagsins.

22. gr.

Hreppsnefndin eða hreppsnefndirnar skulu skipa svo mörgum búendum, sem þær í hvert skipti álíta nægja til að hjálpa til við rjettina, að grannskoða úrtíning eptir markaskrá, og mega þeir ekki fara þaðan fyr en því starfi er lokið, nema þeir hafi til þess mann fyrir sína hönd, er hreppsnefndin álitur þar til hæfan.

23. gr.

Hreppstjóri skal eptir að úrtíningur er grannskoðaður í seinni rjettum, skrifa upp mörk, aldur, lit og auðkenni á hverri sauðkind, og tilkalla 2 markglöggva og áreiðanlega menn til að skoða og lýsa nefndum einkennum, svo rjett og hreinskilið sem framast má verða, setja síðan óskilafjeð í tryggja vöktun til 7. októbermánaðar, (eða til næsta dags, sje það helgur dagur) sem skal vera almennur söludagur á öllu óskilafje í sýslunni. Lýsingar þessar skulu tafarlaust sendar til hreppstjóranna í næstu hreppum.

24. gr.

Jafnskjótt og búíð er að skrifa upp mörk og einkenni á úrtíningnum, sbr. 23. gr., skal hreppstjórinn koma honum í vöktun fyrir ákveðna borgun, sem ekki má yfirstiga 5 aura um sólarhringinn fyrir hverja sauðkind, sem ber

84 að greiða til þess manns, sem fjeð vaktar, um leið og eigandi lætur vitja þess, annars er vöktunarmaður ekki skyldur að sleppa því.

25. gr.

Engin sveit eða hreppur innan sýslu, sem ekki hefur lögrjett innan sinna takmarka, má halda óskilafje hjá sjer, meðan úrtíningur er óseldur við lögrjett upprekstrarfjelagsins, heldur koma því tafarlaust til hreppstjóra í þeirri sveit, sem lögrjett stendur í. En komi óheimtar kindur saman við fje manna eptir úrtíningssölu, skal skylt að koma þeim tafarlaust til hreppstjóra í þeirri sveit, hvar slíkt slangurfje finnst, og selur hreppstjóri það eptir 8 daga á áður auglýstu uppboði. Hver sá sem verður uppvis að því að hafa haldið hjá sjer óskilafje, kærast til hæfilegra sekta.

26. gr.

Hreppstjórar skulu senda manni þeim, er sýslunefndin kys til þess, fyrir lok hvers árs greinilegar lýsingar yfir allt það óskilafje, sem selt hefur verið í sýslunni. Hinn kjörni maður sendir síðan eptirrit af lýsingum þessum til prentunar í öðruhvoru Reykjavíkurblaðinu »Þjóðólfi« eða »Ísafold«, meðan ekki er öðruvisi ákveðið. Ásamt marklýsingunum skulu hreppstjórar af verði óskilafjárins senda 30 aura fyrir hverja kind í prentunarkostnað og þóknun til þess, sem býr þær til prentunar. Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum.

27. gr.

Af andvirði óskilafjár þess, er selt verður, borgast:

- a. Vöktunarkaup, sbr. 24. gr.
- b. Sölu- og innheimtulaun.
- c. Prentunarkostnaður á lýsingum þess, og þóknun til þess manns, er semur og sendir til prentunar marklýsingar alls óskilafjár í sýslunni, sbr. 26. gr.

Að öðru leyti greiðist verðið eiganda, ef hann innan septembermánaðarloka næst á eptir sannar eignarrjett sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóðinn, og þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfjelagi, til sveitarsjóðanna á sama hátt og ákveðið er um ómerkinga (sbr. 19. gr.).

28. gr.

Komi það fyrir, að selja verði síðla á haustum fje það, er þekkist, sökum þess, að því vegna fjarlægðar eða ótíðar verður ekki komið til eigenda, má ekki taka af verði þess nema sölu og innheimtulaun auk fundar og björgarlauna, ef með þarf sbr. 29. gr. Hinu skilist til eigenda.

29. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjarleitum í hverri sveit er lokið, skal þeim, er vilja, heimilt að gjöra eptirleit, þó með samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar, en þar sem fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi skal leita samþykkis þeirrar hreppsnefndar, sem er næst afrjettinni, og semur hún þá um, hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna fjár, sem þó ekki má yfirstiga helming verðs. Fje það, sem finnst í eptirleitum, skal virt af 2

skynsömum og óvilhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefndir. Borgun fyrir eptirleitarfje borgist af sveitarsjóði þess hrepps, hvar eigandi á heimili. Hið sama gildir um fje það, sem kemur fyrir eptir seinni rjettir úr öðrum sýslum. Eptirleitarfje, sem á heima utan sýslu, skal selt við opinbert uppboð, ef nauðsyn er til vegna fjarlægðar, og fær eigandi það, sem er afgangsfundar- og uppboðslaunum. Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum á hvaða tíma árs sem er, ákveðist af hreppsnefndinni og greiðist á sama hátt.

30. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefnd eða hreppsnefndir í hverju upprekstrarfjelagi sjá um, að stóðhrossum sje smalað af afrjettum og heimalöndum í fyrri eða í seinni göngum og dregin sundur í auka- og skilarjettum, sem gjörðar eru fyrir hross, og skal sá úrtíningur, er verður í aukarjett, rekast til skilarjettar. Við niðurjöfnun seinni gangna skal hver hreppsnefnd hafa tillit til stóðhrossafjölda hvers eins í hreppnum, að svo miklu leyti sem hann er skyldur að reka þau á afrjett, sbr. 3. gr. Allur nauðsynlegur kostnaður frá því hrossin koma til byggðar, þar til sundurdrætti á þeim er lokið, skal greiðast af sveitarsjóði, eða þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfjelagi, af sveitarsjóðum þeirra. Skytt er hverri hreppsnefnd að láta hirða stóðhross úr sínum hreppi í öðrum rjettum.

31. gr.

Þau hross, sem eptir verða óhirt þegar sundurdrætti er lokið, skulu meðhöndlast eins og fyrir er mælt um óskilafje í reglugjörð þessari; að eins skulu þau seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Vöktunarkaup fyrir hvert þessara hrossa má vera frá 30 til 50 aurar fyrir hvern sólarhring. Hið sama gildir og um þau hross, er koma fyrir eptir seinni rjettir, en vöktunarkaup þeirra má ekki yfirstíga 15 aura um hvern sólarhring, nema þurfi að hafa þau í húsi og á heyi.

32. gr.

Finnist hross á afrjettum eða fjarri byggðum, eptir að hin fyrirskipaða hrossasmölun hefur fram farið, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, hvar finnandi á heima, ákveða smölunar- eða björgunarlaunin eptir atvikum, sem eigandi er skyldur að greiða, nema finnandi og eigandi semji sjálfir um borgunina.

33. gr.

Hver maður skal auðkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað, þá brennimerkja á hornum; einnig skal almennt brennimerkja fje með hrepps- og sýslubrennimarki.

34. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita í eina skrá, og skal prenta hana og útbýta henni í sýslunni svo víða, sem sýslunefndin álitur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark eða breyta sínu eldra marki, eða flytur inn í sýsluna, og skal hann þá tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd í tæka tíð, hvert mark hans sje, en vanræki hann þetta, eða láti ekki prenta mark sitt á markaskrá sýslunnar, má hann búast við, að með fje hans verði farið sem óskilafje.

84

35. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 kr. til 50 kr. sektum, eptir stærð og ítrekun afbrotanna, og renna þær í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

36. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð norðuramtsins, Akureyri, 2. júní 1892.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

- 87 Amtsráðið í norðuramtinu gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hér með staðfest og löggilt eftirfylgjandi

Reglugjörð

um grenjaleitir og eyðing refa í Húnavatnssýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1893.

1. gr.

Hreppsnefndin eða sá, er hún hefur falið eyðing refa, skal á hverju vori skipa öllum leitarskyldum hreppsmönnum (sjá 2. gr.) að leita vandlega í heimalöndum að tóugrenjum, og hvort þær hafi lagt í þeim. Skal gjöra 3 leitir: þá fyrstu, er snjór állst leystur úr grenjum, aðra um fardaga og þriðju þá tíu vikur eru af sumri. Sömuleiðis ber nefndinni fyrirfram að ákveða, hverja daga leitin skuli fyrirtakast. Sömu leitarskyldur hvíla á eigendum og umráðendum afrjettarlanda; en þar skulu grenjaleitir vera að eins tvær, hin fyrri um fardaga, og hin síðari 9—10 vikur af sumri, eptir tíðarfari. Vanræki nokkur grenjaleitir, sem leitarskyldur er, þá er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sekta.

2. gr.

Hreppsnefndin skiptir hreppnum í leitarsvæði, og skipar leitarstjóra á hverju þeirra. Hann kallar leitarskylda menn til hinna ákveðnu grenjaleita, annaðhvort til skiptis eða alla í senn, ef þurfa þykir, og ábyrgist hann, að leitir sjeu fulltryggjandi; skal hann gæta þess, að aldrei leiti færri en 2 í hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar, sem honum er til sagt, þar til hæfan mann. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sjer. Vanræki nokkur að leggja mann til grenjaleita þar og þá, er leitarstjóri fyrirskipar, tilkynnist það hreppsnefndinni, er kærir slíkt til sekta.

3. gr.

Ætíð skal þess vandlega gætt, þá er gren finnst, er refir hafa í lagt, hvort sem er af reglulegum leitarmönnum eða öðrum, að hafa þar sem minnsta viðdvöl. Enginn má spilla tóugrenjum, eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki, ella varði sektum eptir málavöxtum.

4. gr.

Hver, sem finnur gren, er dýr liggur í, milli leita eða eptir þær, er